

4. bekkur – Leiklist

Kennari: Elín Sveinsdóttir

Í leiklist er lögð áhersla á að nemendur kynnist aðferðum listgreinarinnar og geti nýtt tæki hennar til að dýpka skilning á sjálfum sér og samfélaginu sem við búum í. Nemendur fá tækifæri til að vinna saman að sínum eigin hugarefnum, setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi skólans. Leiklist reynir auk þess stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun og líkams- og raddbeitingu.

Áhersla er lögð á að örva og styrkja ímyndunarafli og sköpunargleði nemenda og gefa hverjum og einum tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri. Í leiklist geta nemendur unnið út frá sínum forsendum og þannig nýtt styrkleika sína og styrkt veikleikana.

Kennsluáðferðir:

Leikir

Nemendur læra fjölbreytta og skemmtilega leiki, bæði leiki sem að tengjast leiklist og einnig leiki sem stuðla að samvinnu og leikgleði. Mikilvægt er að nemendur taki þátt og sýni virðingu og tillitssemi við samnemendur.

Sögugerð

Nemendur vinna í hópum við að semja sögur, sögurnar þurfa að hafa skýrt upphaf, miðju og endi. Lagt er áhersla á að nemendur sagt sögur skýrt fyrir framan aðra nemendur, bæði sögur af sjálfum sér og sögur sem hópurinn býr til saman. Hérna er unnið markvisst að samvinnu, nemendur þurfa að læra að hlusta á hugmyndir annarra og vinna með þær.

Innblástur inn í sögugerð

Hér eru kynntar allskonar aðferðir til þess að búa til sögur. Allir nemendur fá að skrifa eitt orð á blað, orðin fara síðan í pott og dregið er um hvað á að koma fram í sögunni.

Persónusköpun þar sem nemendur fá að búa sér til persónu, persónunum er síðan hent saman í eina sögu og það er áhugavert að sjá hvert þær leiða söguna.

Raddbeiting og hljóð

Nemendur notast við rödd og raddbeitingu í flestum verkefnum. Búa til hljóð sem túlka hinar ýmsu aðstæður, t.d veður, veisluhöld, almenningsgarða, leikskóla og.sv.fr. Stundum er hópnum skipt í tvennt þar sem að annar hluti hópsins sér um hljóðin í sögunni á meðan hinir leika.

Myndastyttur:

Búnar eru til allskonar myndastyttur sem síðar lifna við. Í þessari vinnu er mikið unnið með túlkun og hvernig hægt er að túlka manneskjur, dýr og hluti í myndastyttum.

Persónusköpun

Farið er í persónusköpun, þá fá nemendur að búa sér til persónur sem síðar eru notaðar í atriðum. Unnið er að einkennum persónu og persónuleika og hvernig mismunandi persónur geta haft áhrif á hvor aðra og söguþráðinn.

iPad

Nemendur spreyta sig í forriti sem að heitir iMovie. Þar læra þau að búa til atriði sem eru tekin upp á iPadinn. Allir velja sér persónu sem að þeir vinna með í verkefninu, söguþráðurinn er unninn í samvinnu við hópinn. Síðar er tekið upp, myndin er síðan sýnd fyrir hina nemendurna. Þegar myndin hefur verið sýnd eru áhorfendur spurðir út í söguþráðinn og karakterana. Þá lærir hópurinn hvað var skýrt og hvað hefði betur mátt fara í uppbyggingunni á atriðunum.

Hæfniviðmið:

Við lok 4. Bekkjar á nemandi að geta:

Beitt einföldu formi leiklistar

Tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt skólasystkinum tillitssemi

Sett saman einfalda leikþætti í samstarfi við jafningja og kennara með skýru upphafi, miðju og endi

Lýst leiknu efni á sviði og/ eða í myndmiðlum út frá söguþræði, innihaldi og persónum í verkinu